

<p><b>Kennsluáætlun</b></p> <p><b>Stærðfræði</b> <b>Haust 2024-vor 2025</b></p> <p>5-6 bekkur</p> <p>3 tímar í töflu á viku. 4 vikna lota á haustönn. 6 vikna lota á vorönn. Áætlun í lotu er sett sér inn. -----</p> <p><b>Námsmat:</b></p> <p>Vinnumat kennara. Vinna í vinnubók. Þátttaka og frumkvæði í tímum. Áhugi og skilningur.</p> <p><b>Efni:</b></p> <p>Stika 1a og 1b nemendabók. Ítarefni frá kennara.</p> <p><b>Verkefni:</b></p> <p>Sjálfstæð vinna. Hópverkefni. Þrautir og leikir.</p>	<p><b>Hæfniviðmið</b></p> <p>Sjá heimasíðu Waldorfskólans og Aðalnámskrá grunnskóla</p> <p><b>5.bekkur</b></p> <p>Að nemendur þjálfist í hugarreikningi.</p> <p>Að nemendur geti skilið og leyst orðadæmi.</p> <p>Að nemendur þjálfist í að margfalda og ná upp hraða í margföldunartöflum, fram og tilbaka.</p> <p>Að nemendur nái leikni í að geyma í plús og fá lánað í mínus.</p> <p>Að nemendur geti beitt stærðfræðihugtökum, t.d. minna en, stærra, sama sem, ummál, flatarmál, rúmmál, hæð, lengd, breidd, plús, mínus, margföldun, deiling, námundun, eining, tugur, hundrað, þúsund, annar hver, þriðji hver o.s.frv.</p> <p>Að nemendur læri að setja upp margföldunar og deilingardæmi.</p> <p>Að nemendur læri margföldunartöflur sem deilingartöflur.</p> <p>Að nemendur læri brotareikning og brotatölur.</p> <p>Að nemendur læri að stytta og lengja. Leggja saman brot og draga frá með ólíkum nefnara, margfalda tvær brotatölur og deila auðveld brotadæmi.</p> <p>Að nemendur geti margfaldað og deilt heilar tölur með 10,100 og 1000.</p>
---	---

Að nemendur geti túlkað einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit.

Að nemendur geti lesið af tímatöflu, svo sem af strætisvagnatöflu og klukku.

Að nemendur eflist í að leysa stærðfræðigátur og hugarreikningsdæmi.

Að nemendur geti tjáð sig munnlega og skriflega um ólíkar leiðir við lausn stærðfræðiverkefna.

Að nemendur geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir.

Að nemendur geti lesið einfaldan fræðilegan texta, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.

Að nemendur geti notað ræðar tölur.

Að nemendur geti notað rithátt tugakerfisins.

Að nemendur geti notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í stæðum og jöfnum.

Að nemendur geti áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig.

Að nemendur geti safnað og unnið úr gögnum.

Að nemendur geti gert einfaldar tölfræðirannsóknir.

## **6. bekkur**

Að nemendur geti leyst stærðfræðiprautir um viðfangsefni, sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.

Að nemendur geti túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákn máls og daglegs máls.

Að nemendur geti undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.

Að nemendur geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.

Að nemendur geti tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.

Að nemendur geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

Að nemendur geti rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum og orðum.

Að nemendur geti rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar og þrívíddarmyndir, speglað snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Að nemendur geti notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.

Að nemendur geti sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.

Að nemendur læri um hlutföll í landakortum og geti nýtt sér þekkingu sína í ratleikjum.

Að nemendur æfi sig í að setja brot og tugabrot á talnalínu.

Að nemendur teikni geometrísk form fríhendis.

Að nemendur brjóti saman pappírsform og tengi það við nám í samfélagsfræði um geometrísk form í byggingarlist til forna.